



Hörgársveit

# Fréttabréf

21. júní 2019 10. árgangur 6. tölublað

## Sæludagur

## í Hörgársveit

Laugardaginn 3. ágúst

Viltu bjóða heim í kaffi, hafa opið fjós, bjóða á hestbak, sýna handverk, vera með gönguferð eða eitthvað allt annað?

Skráning á  
[astaadalsteins@gmail.com](mailto:astaadalsteins@gmail.com), í  
síma 848-8487 eða á  
facebooksiðu Sæludagsins

### ***Viðhald fjallsgirðinga***

*Landeigendur eru hvattir til að sinna skyldu sinni um árlegt viðhald fjallsgirðinga í sínu landi og minnt er á ákvæði í fjallskilasamþykkt en þar segir m.a.: „Ábúendum eða eigendum jarða sem og öðrum landeigendum, er skylt að hafa girðingar sem aðskilja tún, engi og bithaga frá upprekstrarheimalandi, fjárheldar hverjum á sínu landi og bera kostnað af því. Girðingar þessar skulu vera í fjárheldu ástandi þann tíma sem sveitarstjórn krefst. Sinni landeigandi ekki þessari kröfu lætur sveitarstjórn gera við girðinguna á kostnað landeiganda.”*

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

### **104. fundur fimmtudaginn 20. júní 2019**

Fimmtudaginn 20. júní 2019 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Jónas Þór Jónasson og María Albína Tryggvadóttir.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

*Vignir Sigurðsson og Inga Björk Svavarsdóttir mættu á fundinn og tóku sæti Ásrúnar Árnadóttur og Jóns Þórs Benediktssonar.*

#### **1. Skólaakstur, niðurstæða úboðs**

Lagt fram yfirlit yfir niðurstöðu útboðs í skólaakstur fyrir Pelamerkurskóla 2019-2021.

Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður sveitarfélagsins mætti til fundarins og fór yfir niður-stöðu útboðsins og lögfræðileg álitamál sem uppi kunni að vera varðandi þau tilboð sem bárust.

Gert var fundarhlé kl. 16:54.

Fundi framhaldið kl. 17:10.

*Samþykkt var að afgreiða málið fyrir luktum dyrum.*

*Frávikstilboð voru ekki heimiluð og eru því ógild samkvæmt 1. málsg. 52. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og er þeim vísað frá.*

*Sveitarstjórn samþykkti að hefja samningaviðræður við Bárulund ehf sem lægst-bjóðanda um allar akstursleiðir útboðsins og áformar að bindandi samningur verði gerður að liðnum fimm dögum frá því bjóðendum er tilkynnt um þessa niðurstöðu.*

*Ásrún Árnadóttir og Jón Þór Benediktsson komu til fundar og véku Vignir Sigurðsson og Inga Björk Svavarsdóttir af fundi.*

*Fundur opnaður að nýju.*

#### **2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.6.2019**

Fundargerðin sem er í níu liðum lögð fram ásamt fundargögnum. Allir liðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

a) Í 1.lið, *svæðisskipulag, tillaga vegna flutningslína raforku, kynning Sveitarstjórn samþykkti að vinna verði hafin við að lagnaleiðir flutningslína raforku um sveitarfélagið fái skipulagslega umfjöllum í samræmi við kafla 3.4.8 í aðalskipulagi Hörgársveitar.*

b) Í 2.lið, *Glæsibær, skipulag*

*Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði haldið áfram með vinnu við breytingu á aðalskipulagi vegna Glæsibæjar fyrir en fyrir liggur samningur við landeigendur um uppbyggingu og þjónustu og umfang verkefnisins.*

c) Í 3.lið, *Hjalteyri, umræður um deiliskipulag*

*Sveitarstjórn samþykkti að unnin verði tillaga um breytingu á deiliskipulagi Hjalteyrar í þá veru að lóðirnar nr. 4,5 og 6 við Brekkuhús verði breytt úr einbýlishúsalóðum í lóðir fyrir fjölbýli með smærri íbúðum.*

Þá samþykkti sveitarstjórn að gerð verði óveruleg breyting á deiliskipulagi sbr. 2. málsgr. 43 gr. skipulagslaga þannig að lóðinni við Ásgarð verði breytt í þá veru að lóðarmörk að austan færist ofar og lóðarmörk að norðan færist í samræmi við það, þannig að stærð lóðar verði óbreytt þ.e.3.000 m<sup>2</sup>.

d) Í 4.lið, Norðurorka, lýsing vegna deiliskipulags á vinnslusvæði Hjalteyri Sveitarstjórn samþykkti að lýsingin verði kynnt samkv. 3. málsgr. 40. gr.skipulagslaga.

e) Í 5.lið, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skólpestöð, skólplögn og bráðabirgðastíg við Lónsbakka

Sveitarstjórn samþykkti að framkvæmdaleyfið verði veitt.

f) Í 6.lið, Tungusel, erindi um að breyta frístundahúsi í íbúðarhús Sveitarstjórn samþykkti erindið.

g) Í 7.lið, Lækjarvellir 9, hugmyndir um breytingu á lóðarstærð og lóðarumsókn

Sveitarstjórn samþykkti að gerð verði óveruleg breyting á deiliskipulagi Lækjarvalla sbr. 2. málsgr. 43 gr. skipulagslaga á þá leið að lóðin nr. 9 verði minnkuð í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt.

Þá samþykkti sveitarstjórn að lóðinni þannig breyttri verði úthlutað til Jóns Björnssonar kt. 100357-3139 (Verkval ehf,) með þeim skilmálum að lóðin geti breyst síðar í upphaflegt horf.

h) Í 8.lið, Norðursigling, erindi vegna breytinga á skilmálum varðandi lóð á Hjalteyri

Sveitarstjórn samþykkti að hafna erindinu.

i) Í 9.lið, Ytri-Bakki, landskipti

Sveitarstjórn samþykkti að landinu að Ytri-Bakka sem skilgreint er í umsókn og á uppdrátt verði skipt upp í þrjár landspildur sem fáu nöfnin, Sólbakki, Ytri-Bakki og Bárulundur.

Jón Þór Benediktsson vék af fundi undir lið 2 i).

### **3. Fundargerð rekstrar- og framkvæmdanefndar frá 4.6.2019**

Fundargerðin lögð fram.

### **4. Fundargerðir HNE frá 205.- 208. fundur ásamt ársreikningi 2018**

Fundargerðirnar ásamt ársreikningi 2018 lagðar fram.

### **5. Norðurorka, fundargerðir frá 233. – 235. fundi**

Fundargerðirnar lagðar fram.

### **6. Tónlistarskóli Eyjafjarðar fundargerð frá 7. júní, áætlun fyrir skólaárið 2019-2020 og ársreikningur 2018.**

Lögð fram fundargerð frá kynningarfundum 7. júní sl. ásamt áætlun um kostnaðarhlutdeild hvers sveitarfélags skólaárið 2019-2020 og ársreikningi 2018. Jafnframt var lagt fram minnisblað skólastjóra tónlistarskólans dags. 19.6.2019.

Sveitarstjórn samþykkti að afla frekari upplýsinga um þá kostnaðaraukningu sem kynnt er.

## **7. Erindi vegna viðbragða við tilkynningum frá Þjóðskrá vegna breytinga á staðfangi**

Erindin lögð fram.

*Sveitarstjórn samþykkti hvert og eitt staðfang sem óskað er eftir samkvæmt framlögðum lista og koma þeim upplýsingum til Þjóðskrár Íslands.*

## **8. Sýslumaðurinn á Norðurl. eystra, umsókn um rekstrarl. Eyri, Hjalteyri**

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir veitingasölu, umfangaslitlir áfengisveitingastaðir, að Eyri á Hjalteyri.

*Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.*

## **9. Samband ísl. sveitarfélaga erindi vegna yfirlýsingar um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

Erindið lagt fram.

*Sveitarstjórn samþykkti að Hörgársveit verði aðili að samráðsvettvangi sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið SP.*

## **10. Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga og aukalandsþing**

Lagt fram erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga ásamt Grænbók og boðun aukalandsþings.

## **11. Erindi frá AFE v.upplýsingaöflunar um staði sem gætu hentað undir gagnaver**

Erindið lagt fram ásamt fylgigögnum og mun sveitarstjóri aðstoða við þá upplýsingaöflun sem þarf.

## **12. Íslandspóstur, erindi varðandi pósthúmer**

Erindið lagt fram en þar kemur m.a. fram að ráðgert er að Hörgársveit fái pósthúmerið 604 Akureyri.

*Sveitarstjórn fagnar þeirri breytingu að Hörgársveit fái sér pósthúmer.*

## **13. Flugklasinn, erindi vegna fjárframlags**

Erindið lagt fram.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita Flugklasnum styrk að upphæð kr. 300 á íbúa á ári, 2020-2023.*

## **14. Hlíðarbær, tilboð**

Lagt fram tilboð um kaup á Hlíðarbæ frá Reglu musterisriddara, Akureyri sem hyggst reka þar félagsheimili til útleigu og eigin nota.

*Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur oddvita og sveitarstjóra að annast söluna ásamt Fasteignasölnunni Kasa fasteignir.*

## **Sumarlokun á skrifstofu**

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa  
27. og 28. viku ársins, þ.e. frá 1. til 12. júlí.